

# 2014 - 2015

## Vordagar og skólaslit

04. júní 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Það er létt yfir fólki á Vordögum í Stöðvarfjarðarskóla, alveg þangað til kemur að útskrift 10. bekkjar. Þá fella hörðustu jaxlar tár því það er alltaf eftirsjá að skemmtilegum og góðum nemendum. Semsé, öllum nemendum.

Í ár útskrifuðust tveir þakkar, þeir Eyþór Ármann Jónasson og Friðrik Júlíus Jósefsson. Þeim er hér með óskað gæfu og velfarnaðar í öllu sem þeir taka sér fyrir hendur í lífinu.

En í aðdraganda skólaslitanna eru ýmis vorverk unnin; við málum steina og límum á þá viskukorn eða ljóð (stundum fer það tvennt saman) og skiljum þá eftir við göngustíga í Nýgræðingi, nemendur útbúa kort til allra heimila í þorpinu og að þessu sinni var full ástæða til að þakka fyrir okkur því þorpsbúar hafa svo sannarlega fylkt sér að baki skólans í þeirri erfiðu baráttu sem fram fór í vetur. Og margt fleira.

Við þökkum fyrir okkur og hlökkum til að sjá krakkana aftur síðsumars. [Þangað til geta þeir skoðað þessar myndir þegar söknuðurinn eftir skólanum ber þá ofurliði.](#)

Ást og friður.

# Vordagar - útikennslustofa

02. júní 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Nú á vordögum er ýmislegt gert sem ekki er daglegt brauð í skólanum, en mætti þó ef til vill vera það. Til dæmis hafa nemendur á Eldra stigi haldið áfram að smíða útikennslustofu sem byrjað var á í haust.

Í dag voru veggirnir reistir og vonandi verður hægt að gera stofuna fokhelda fyrir sumarfrí. Þetta eru duglegir krakkar og það var eins og þeir hefðu aldrei gert annað en að byggja lítil hús þegar þeir munduðu verkfærin.

Stofan stendur í Álfabyggðinni, en það er falleg laut við Einarstaðaá ytri og hér eftir sem hingað til, mun sambúð skólabarnanna og álfanna vera góð en staðurinn hefur verið notaður af skólanum um langa hríð.

[Hér eru myndir, gjörið svo vel.](#)

# Vordagar

29. maí 2015 - Jónas E. Ólafsson



*Vordagar í fyrra*

Dagskrá vordaga verður eftirfarandi:

Mánudagur

- Útikennslustofa
- Göngu- og safnaferð með Fáskrúðsfirðingum

Þriðjudagur

- Útikennslustofa
- Gróðursetning
- Málun steina

Miðvikudagur

- Útikennslustofa
- Kortagerð og útburður
- Hlaðborð Ann í hádeginu á Brekkunni
- Eftir hádegi verður vitnisburður afhentur í skólanum

## Vorhátíð

19. maí 2015 - Ingibjörg Eyþórsdóttir



Vorhátíð leikskólans var haldin miðvikudaginn 13. maí og lauk þar með vetrarstarfinu en annað skemmtilegt tekur þá við, svo sem meiri útivera, gönguferðir og þ.h. endilega skoðið myndirnar.

## Færeyingar í heimsókn

13. maí 2015 - Jónas E. Ólafsson



Miðvikudaginn 6. maí kom Kúttur Johanna frá Færeyjum í heimsókn. Skipið sem er 130 ára gamalt, þræðir alla Austfirðina og bjóða heimamönnum um borð. Að sjálfsögðu þáðum við boðið og tókum nokkrar myndir. [Sjá hér.](#)

## Skólasund

13. maí 2015 - Jónas E. Ólafsson



*Feðgatríóið að störfum!*

Ekki er útlit fyrir að það verði sund þetta vorið. Eins og sjá má á myndinni er sundlaugin ekki alveg tilbúin til notkunar. Einnig er sundkennarinn okkar ennþá fjarverandi vegna veikinda. Við stefnum á tvöfalda kennslu næsta haust í staðinn og því á þetta ekki að koma að sök.

## Skólablaðið Einbúinn

24. apríl 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson




Í vetur gefa nemendur Stöðvarfjarðarskóla út rafrænt skólablað sem að sjálfsögðu [heitir Einbúinn](#), rétt eins og pappírforveri þess.

Þar setja þau inn allskyns efni og við hvetjum ykkur til að kíkja á það. Efst þar núna er færsla með tveimur myndböndum sem nemendur í miðlun tóku upp í Sköpunarmiðstöðinni og er [þau að finna hérna](#). Fylgist með í framtíðinni því bráðum verðum við þar.

# Miðlun

20. apríl 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Við Stöðvarfjarðarskóla er kennt fag sem við köllum miðlun. Þar fá nemendur að spreyta sig á upptöku, klippingu og hljóðsetningu myndbanda auk annars sem er til þess fallið að miðla upplýsingum.

Á dögunum tóku þau upp tónleika í Sköpunarmiðstöðinni á Stöðvarfirði en Vinny Vamos hjá Studio Silo (sem er í Sköpunarmiðstöðinni) tók upp hljóð og blandaði það. Svo var þessu tvennu skellt saman. Með þessu teljum við okkur styrkja tengsl skólans okkar við lífið í þorpínu en slíkt mun vera gott og nauðsynlegt.

Að þessu sinni sýnum við ykkur tvö myndbönd; annað með Garðari Harðar og félagum og hitt með hljómsveitinni Ranghölum.

## Leiðindi


26. mars 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Á árs hátíð þann 12. mars, sýndu nemendur leikritið Leiðindi fyrir fullu húsi. Hérna er leikritið frá upphafi til enda:

## Keppnisdagur 2015

24. mars 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Í dag heimsóttu okkur nemendur og kennarar Grunnskólans í Breiðdalshreppi og tóku þátt í keppnisdegi sem hér var haldinn.

Keppt var í landafræði, útsvari, ratleik, myndlist, tónlist og íþróttum. Ekki voru gefin stig, heldur fóru allir heim sigurvegarar, glaðir og kátir því dagurinn heppnaðist í alla staði vel.

Eða allt þar til kom að því að færa myndirnar sem teknr voru, úr vél skólans yfir í tölvu því á leiðinni hurfu þær og er sá sem þetta skrifar grunaður um handvöm. Því er hér með lýst eftir myndum aðrir kunna að hafa tekið.

En við eigum myndir úr ratleiknum og það er hægt að [skoða þær hér](#).

## Spurningakeppni grunnskólanna

16. mars 2015 - Jónas E. Ólafsson



### *Frá keppninni*

Nú í morgun duttum við út úr keppninni. Kepptum við Grunnskóla Borgarfjarðar (syðri) og töpuðum 16-15 eftir bráðabana. Nú vita fótboltafíklarnir Eyþór og Friðrik að Raheem Sterling er fæddur 1994, en ekki 1993. Um það var spurt í bráðabananum. Við áttum svarréttinn, en svona gerast hlutirnir í hita leiksins.

Dýrunn, Eyþór og Friðrik, þið stóðuð ykkur mjög vel.



# Vika til stefnu

05. mars 2015 - Solveig Friðriksdóttir




*Jónas Hallgrímsson og Jón Sigurðsson*

Í dag er akkúrat vika þar til Árshátíð Stöðvarfjarðarskóla verður haldin. Æfingar byrjuðu fyrir um einni og hálfri viku og nú er vika til stefnu. Allt er í rólegheitunum að smella saman, leikarar hver af öðrum sleppa handritinu sínu og líf að færast í leikinn.

Oft gleymist að skrásetja undirbúninginn en [hér](#) eru nokkrar myndir frá æfingum síðustu daga.

# Árshátíðin verður 12. mars

04. mars 2015 - Björgvin Valur Guðmundsson



Árshátíð Stöðvarfjarðarskóla verður haldin 12. mars kl. 19.00, en þá verður leikritið Leiðindi frumsýnt. Það stendur undir nafni; spyrjið bara Jón Sigurðsson eða Jónas Hallgrímsson, nú eða sjálfan frelsarann. Leikskólabörnin byrja á því að syngja. Allir nemendur grunnskólans fara með hlutverk og allir starfsmenn hafa komið að undirbúningi. Það er mikið í lagt og við hvetjum að sjálfsgöðu sem flesta til að koma og skemmta sér með okkur. Aðgangseyrir er 1.000 krónur fyrir fullorðna og 500 krónur fyrir grunnskólanemendur. Innifalið í verðinu eru veitingar sem börnin í ferðahópnum og foreldrar þeirra töfra fram af alkunnri snilld. Allir velkomnir.

# Heilsurækt

25. febrúar 2015 - Solveig Friðriksdóttir



*Heilsurækt í snjónum*

Það er sannkölluð heilsurækt að leika sér í snjónum.

Í heilsurækt í gær var brugið út af vananum og nemendur og kennari hömuðust í snjónum fyrir utan skóla góða stund. Þar hafði skafið í stóra skafla og heldur betur skemmtilegt að stökkva í skaflana og berjast um í snjónum. Mikil átök og heilmikil heilsurækt fyrir sál og líkama. Gurra tók nokkrar myndir og þær er hægt að sjá [hér](#).

# Öskudagur

24. febrúar 2015 - Solveig Friðriksdóttir



Á öskudag mættu nemendur og starfsfólk Stöðvarfjarðarskóla til starfa í ýmsum búningum.

Í fyrstu tveimur kennslustundum var hefðbundin kennsla og eftir nestispásu skundaði skarinn niður í íþróttahús.

Þar tóku við mínútuleikar þar sem nemendur, starfsfólk og eitt foreldri spreyttu sig á ýmsum mínútuprautum. Nemendur spreyttu sig í Limbó, við fórum í hópleikinn Tatútti ta o.sv.frv. Marseringin var á sínum stað og í lokin slóu nemendur "köttinn" úr tunnunni. Tunnuna smíðuðu Björgvin Valur og Sigurður Borgar úr gömlu rimlagardínunum af kennarastofunni.

Þegar dagskrá var lokið fengu nemendur ýmislegt gótt sem fyrirtæki á svæðinu gefa í tilefni dagsins ásamt framlagi frá Foreldrafélaginu. Hersingin þrammaði síðan inn á Brekku og þar snæddu allir pylsur af bestu lyst.

Eftir hádegi voru allir komnir í kærkomið vetrarfrí. Að sjálfsögðu var myndavélin á lofti og [hér](#) sjáið þið afraksturinn.

# Öskudagur og vetrarfrí

16. febrúar 2015 - Jónas E. Ólafsson



*Öskudagur 2011*

Öskudagur verður með hefðbundnu sniði hjá okkur. Kennst skv. stundarskrá til kl. 10 og þá haldið í íþróttahúsið. Þar verður dagskrá og koma vonandi allir í búningi. Foreldrafélagið sér um góðgæti ýmis konar, sem kemur frá Landatanga, Landsbankanum, Brekkunni og víðar. Að lokum mæta allir í Brekkuna og borða pylsur.

Dagana 19. og 20. febrúar er vetrarfrí hjá nemendum. Kennsla hefst að nýju mánudaginn 23. febrúar samkvæmt stundarskrá.

# Íþróttatími

06. febrúar 2015 - Jónas E. Ólafsson



Íþróttatími yngstu nemendanna fór fram í snjóskafli s.l. miðvikudag. Þar var hamast við mokstur og byggingarstarfsemi. Fengu þeir útrás við verkið og komu svo sæl og rjóð í hádegismatinn.

[Snjóhús](#)

## Dagur leikskólans

06. febrúar 2015 - Jónas E. Ólafsson



Dagur leikskólans var í dag, föstudaginn 6. febrúar. Af því tilefni buðu leikskólanemendurnir, kollegum sínum úr grunnskólanum, foreldrum og vinum í veislu. Inga og Sara fengu eitthvað að hjálpa til, með baksturinn.

[Dagur leikskólans2015](#)

# Bóndadagurinn

23. janúar 2015 - Jónas E. Ólafsson



Bóndadagurinn er í dag og af því tilefni buðu nemendur leikskólans öllum í pönnukökur. Allir mættu með bindi, að ósk gestgjafa.

[Bóndadagur](#)

# Jólaleyfi og starfsdagur

27. desember 2014 - Jónas E. Ólafsson



Starfsdagur verður föstudaginn 2. janúar, bæði í leik- og grunnskólanum og því koma nemendur ekkert í skólann þann dag. Grunnskólinn hefst aftur eftir jólaleyfi, mánudaginn 5. janúar á því herrans ári 2015 kl. 9.40. Leikskólinn opnar á hefðbundnum tíma þ.e. kl. 8.00.

# Sjóræningjapartý

08. desember 2014 - Solveig Friðriksdóttir



*Svartskeggur sjóræningi*

Fimmtudaginn síðasta buðu nemendur á Yngra stigi foreldrum sínum í sjóræningjapartý. Tilefnið var útskrift af sjálfstyrkingarnámskeiðinu Gullkistan sem nemendur hafa verið í núna á haustönninni í lífsleikni.

Námskeiðið hefur verið mjög skemmtilegt og margt brallað. Það var lengra en hefðbundið námskeið því við gáfum okkur góðan tíma til að vinna verkefni og grúska í efninu.

Í sjóræningjapartýinu földu nemendur gullpeninga um miðrymi skólans meðan foreldrar/forráðamenn fengu fræðslu um verkefni námskeiðisins. Svo þurftu þeir að leita að peningunum og fengu stundum smá aðstoð frá börnunum. Næst skrifuðu foreldrar/forráðamenn eitthvað fallegt um barnið sitt á þar til gerðan gullpening og límdu á plakatið sem helstu verkefni úr námskeiðinu voru á.

Við fórum í leikinn Tarzan og Jane þar sem barn keppti á móti fullorðnum (og einni systur) og í lokin snæddum við sjóræningjaköku sem Rúna ræningi og Veiga voðalega bökuðu en þær voru kennarar þessa námskeiðs.

Þetta var skemmtileg og góð stund, mikið hlegið og nokkrir foreldrar spurðu hvort þeir gætu fengið að vera með á næsta námskeiði.

[Hér sjáið þið fullt af myndum úr partýinu.](#)

Gurra og Solla (Rúna ræningi og Veiga voðalega)



## Svuntur

04. desember 2014 - Solveig Friðriksdóttir



Síðustu vikur hefur hópurinn á Yngra stigi saumað svuntur í Handmennt hjá Söru.

Krakkarnir völdu efnið í svuntunarnar, teiknuðu myndir á vasann framan á og saumuðu. Vinnan gekk vel og útkoman er þessar fallegu svuntur sem sjást hér á myndinni.

## Þegar piparkökur bakast...

04. desember 2014 - Solveig Friðriksdóttir



Eldri nemendahópurinn á Yngra stigi bakaði piparkökur í síðustu viku. Í dag fengu þær svo veglega skreytingu í tilefni jólaanna.

Við buðum yngri nemendum í hópnum ásamt Björgvini og Dóru Maggý og Viktoriu af leikskóladeildinni til að skreyta með okkur. Einn gestanemandi var líka í hópnum sem verður í skólanum hjá okkur í desember.

Skreytingin gekk eins og í sögu og að sjálfsögðu rauluðum við jólalögin með. [Hér sjást myndir af skreytingunni.](#)

## Haust 2014

02. desember 2014 - Ingibjörg Eypórsdóttir



á leikskólanum í haust. Við erum búin að fá nýja deild sem við erum mjög ánægð með, mikill munur að þurfa ekki með börnin þvers og kruss yfir skólann. Hér hafa verið afmæli, bangsadagur, dagur myrkurs og margt fleira, endilega skoðið myndirnar.

## Umhverfisverkefni Veraldarvina

01. desember 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



Veraldarvinir heimsóttu Stöðvarfjarðarskóla tvisar sinnum í nóvember og fengu börn og starfsfólk til að taka þátt í umhverfisverkefni sem þeir höfðu útbúið. Fyrst var leikskólastigið heimsótt og síðan yngra stig grunnskólans. Eldra stigið á svo von á heimsókn í desember.

Verkefnin voru í formi leikja en markmiðið með þeim var að bæta umgengn okkar við móður náttúru, t.d. var farið í flokkun sorps, hreinsun hafs, skóga og jarðvegs og almenna umgengi okkar um nánasta umhverfi.

Allir höfðu gaman að þessu og þátttakendur voru margs vísari á eftir.

[Hér eru svo myndir af öllu saman.](#)

*Veraldarvinir tóku myndinar.*

## Myrkraheimsókn í Grunnskóla Breiðdalshrepps

11. nóvember 2014 - Solveig Friðriksdóttir



*Skólastjórar spreyta sig á kexþrautinni*

Í morgun þáðum við heimboð frá nemendum og starfsfólki Grunnskóla Breiðdalshrepps og skelltum okkur í myrkraheimsókn.

Spennurinn var mikill og margir skelltu sér í búninga í tilefni dagsins.

Þegar við mættum tóku draugalegar verur á móti okkur og skólinn var allur skreyttur á drungalegan hátt.

Þegar hópurinn var aðeins búinn að slípast saman hófust kennslustundirnar, annars vegar Drauga íslenska og hins vegar Myrkra stærðfræði. Í frímínútum var okkur boðið upp á dýrindis ávexti og rauðan drykk.

Næst tóku við leikir þar sem nemendur og kennarar beggja skóla kepptu í ýmsum skemmtilegum greinum. Það var mikið fjör, hamagangur og læti og við rétt mörðum sigur í heildar stigakeppninni.

Næst voru nemendur leiddir í gegnum Draugahús sem eldri nemendur höfðu útbúið í kjallara skólans. Það var verulega skuggalegt og nemendur beggja skóla stóðu sig vel í skrækjum og skríkjum þegar farið var í gegnum húsið.

Að lokum snæddum við dýrindis lasange og fengum blóðugan búðing með grænum rjóma í eftirrétt.

Frábær dagur og við þökkum öllum í Grunnskóla Breiðdalshrepps fyrir okkur

[Hér](#) eru nokkrar myndir af skreytingu skólans

## Árshátíð - FRESTUN

07. nóvember 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Frá árshátíð 2013.*

Árshátíðinni sem vera átti 13. nóvember n.k. hefur verið frestað fram yfir áramót. Tvær ástæður liggja að baki þessari ákvörðun. Annars vegar voru nemendur okkar með hugann við annað undanfarna daga (fyrirhugaðan flutning nemenda). Hins vegar eru tónlistarskólakennarar í verkfalli og verður seint hægt að gera metnaðarfullt sviðsverk án þeirra aðkomu. Vonumst við til að samninganefndir komist að ásættanlegri niðurstöðu og að tónlistarskólinn taki aftur til starfa sem allra fyrst.

## Bangsadagur

31. október 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Nokkrir nemendur og vinir*

Hinn alþjóðlegi bangsadagur var s.l. mánudag, en við höldum hann í dag. Yngri nemendur skólans tóku a.m.k. einn féлага sinn með sér í skólann. Hittust svo allir inni á leikskóladeild í smá tíma. Svo var að sjálfsögðu tekin ein mynd.

## Spurningakeppni grunnskólanna - SIGUR

30. október 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Dýrunn, Eyþór og Friðrik*

Í gær tók Stöðvarfjarðarskóli þátt í "Spurningakeppni grunnskólanna", sem haldin var á Egilsstöðum fyrir skóla á Austurlandi. Keppt var í tveimur riðlum og sigraði okkar skóli annan riðilinn og kemst áfram í 16 liða úrslit. Í okkar riðli voru Egilsstaðaskóli, Djúpavogsskóli og Stöðvarfjarðarskóli. Ásamt okkur komst Seyðisfjarðarskóli áfram. Liðsmenn okkar eru Dýrunn Elín, Eyþór Ármann og Friðrik Júlíus. Til hamingju með þetta.

# Tónlist fyrir alla !

20. október 2014 - Solveig Friðriksdóttir



Miðvikudaginn 15. október skelltum við okkur á rúntinn yfir á Breiðdalsvík. Við heimsóttum skólann og hlýddum á tónleika í verkefninu Tónlist fyrir alla.

Hljómsveitin Skuggamyndir frá Býsans lék lífleg lög frá Balkanskaganum og tónlistarmennirnir fræddu okkur um svæðið í leiðinni. Hljómsveitina skipa Haukur Gröndal, Ásgeir Ásgeirsson, Erik Quik og Þógrímur Jónson. Þeir náðu vel til áheyrenda sem dilluðu sér í takt við seiðandi tónlistina og sungu með þar sem þess var óskað.

Á eftir tónleika var okkur boðið í ávaxtaveislu og nemendur beggja skólanna skelltu sér saman út á völl í fótbolta og leiki.

## Bleikur dagur

14. október 2014 - Solveig Friðriksdóttir



Í tilefni af bleikum október héldum við bleika daginn okkar þann 14. október. Allir sem vettlingi gátu valdið mættu í eða með eitthvað bleikt.

Búið var að skreyta skólann með bleikum blöðrum, hjörtum og miðum. Elstu nemendur skólans þeir Eyþór og Friðrik voru svo elskulegir að bjóðast til að baka bleika köku. Gerðu þeir dýrindis möffins sem allir gerðu góð skil.

Fleiri myndir frá deginum okkar er hægt að nálgast [hér](#).

# Útikennslustofa

09. október 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Allt á fullu*

Laugardaginn 4. október s.l. kom hópur fólks saman og vann að byggingaframkvæmdum. Foreldrar og starfsfólk, ásamt hópi starfsmanna Alcoa hugðust reisa útikennslustofu. Var þetta liður í "ACTION verkefni" Alcoa. Er þetta liður í sjálfböðavinnu starfsmanna og fylgir verkefninu fjármunir, sem nýtast í þetta dæmi. Dagurinn fór í að keyra mól í hjólbörum, smíða grind og að klæða tvo timburveggi. Síðar meir er ætlunin að ljúka verkinu með hjálp foreldra. Þökkum við öllum kærlega fyrir.

[Hér má sjá nokkrar myndir.](#)



# Náttúrfræðitíraunir

07. október 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



Það var ýmislegt brallað í náttúrufræðitímnaum hjá Yngra stigi á föstudaginn. Meðal annars fundu þau út hvað gerist ef maður lætur matarlit í mjólk og bætir svo einum dropa af uppþvottalegi við mixtúruna.

Þau stungu líka blýöntum í gegnum plastpoka fulla af vatni án þess að vatnið læki úr þeim og þau stungu mjóum pinnum í gegnum uppblásnar blöðrur. Að vísu sprungu þær flestar en einu sinni tókst þeim að stinga pinnanum í gegn án þess að blaðran springi. Því miður náðist ekki mynd af því en þau reyna þetta örugglega aftur.

[Hérna eru nokkrar myndir. Eru þær þá ekki ígildi nokkur þúsund orða?](#)

## Brúum bilið

30. september 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Dóra Maggý og Viktoria*

Í morgun komu þær Dóra Maggý og Viktoria úr leikskólanum í heimsókn til Yngra stigsins. Nemendur þar voru í stærðfræðitíma og að sjálfsögðu fengu þær stöllum bækur til að vinna í.

## Laust starf

29. september 2014 - Jónas E. Ólafsson

Við skólann vantar skólaliða til starfa í vetur.

Um er að ræða 50-60% starf og er það tímabundið út skólaárið.

Laun eru skv. kjarasamningi launanefndar sveitarfélaga og viðkomandi stéttarfélagi.

Nánari upplýsingar gefur Jónas E. Ólafsson á netfanginu [jonas@skolar.fjardabyggd.is](mailto:jonas@skolar.fjardabyggd.is) eða síma 475-9030

[Umsóknir](#) sendist til undirritaðs.

Umsóknarfrestur er til 7. október og þarf viðkomandi að geta hafið störf fljótlega.

# Kaffiboð leikskólans

26. september 2014 - Jónas E. Ólafsson



Þann 11. september var haldið kaffiboð af hálfu Ingu, Söru og leikskólanemenda. Öllum í skólahúsinu var boðið og nutu menn veitinga. Tílefnið var flutningur deildarinnar í nýtt og betra húsnæði innan skólans. [Sjá myndir.](#)

# Ittoqqortoormiit

15. september 2014 - Björgvin Valur Guðmundsson



Í morgun voru börn á Yngra stigi frædd um þorpið Ittoqqortoormiit á Grænlandi en þau og aðrir nemendur skólans ætla að taka þátt í fatasöfnun fyrir börnin þar sem búa, mörg hver við kröpp kjör.

Þeim fannst skrítið að í 450 manna þorpi væru 110 börn undir fimmtán ára aldri og væri það hlufall heimfært upp á Stöðvarfjörð, yrðu líklega um 50 börn á skólaaldri þar.

Það er beðið um ný eða vel með farin föt og þá helst óskað eftir útifötum, hversdagsfötum, íþróttafötum fyrir leikfimi og ungbarnafötum, sem og kuldaskóm og stígvélum. Ef þið eigið slíkt í fórum ykkar, endilega komið því hingað í skólann og við tökum við því fegins hendi.

Það er Taflfélagið Hrókurinn með Hrafn Jökulsson í broddi fylkingar sem stendur fyrir þessari söfnun en félagið hefur látið sig málefni Grænlandinga mikið varða á undanföllum árum og vakið athygli okkar á þessum nágrönnum sem við eigum.

## Göngudagur

27. ágúst 2014 - Jónas E. Ólafsson



*Gengið um Vattarnes s.l. vor.*

Fimmtudaginn 28. ágúst tókum við fram gönguskóna og leggjum land undir fót.

Eldri nemendurnir stefna á Vindfellið og yngri nemendurnir ætla áleiðis upp í Jafnadal. Lagt verður af stað kl. 8, frá skólanum (nemendum verður keyrt að upphafsstað). Munið eftir útivistarklæðnaði s.s. góðum gönguskóm og nestinu.

## Skólabyrjun

13. ágúst 2014 - Jónas E. Ólafsson



*8. og 9b. í Hollandsferð s.l. vor.*

1. - 10. bekkur mæti kl. 10:00 mánudaginn 25. ágúst. Mötuneytið tekur til starfa þriðjudaginn 26. ágúst. Skráning og upplýsingar í síma 475-9030